

## GJALDSKRÁ

**fyrir hreinsun rotþróa í Hvalfjarðarsveit.**

1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar skal, skv. 23. gr. samþykktar nr. 583/2008 um fráveitur í Hvalfjarðarsveit, setja gjaldskrá vegna hreinsunar rotþróa í sveitarfélaginu.

2. gr.

Hreinsunargjald fyrir árið 2012 skal vera kr. 6.150 á rotþró við hvert íbúðarhús, sumarhús og fyrirtæki.

3. gr.

Hreinsunargjald er innheimt með fasteignagjöldum. Gjald dagar fasteignagjalda verða 7 talsins á mánaðar fresti, 15. hvers mánaðar. Í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí og ágúst.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1126/2010.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 13. desember 2011.

*Hvalfjarðarsveit, 20. desember 2011.*

**Laufey Jóhannsdóttir** sveitarstjóri.